

## Minnisblað – OS nr. 2401015

Til: Sveitarstjórn Dalabyggðar

Frá: Kristján Ingi Arnarsson, umsjónarmaður framkvæmda

Efni: *Sorphirða í dreifbýli - viðmið*

Dags.: 12.11.2024

---

Við innleiðingu þriggja tunnu kerfis á heimili í Dalabyggð voru sett á viðmið um hvaða fasteignir fengju þjónustu sem heimili (tunnur heim við hús) og hvað fasteignir féllu undir flokk frístundahús sem hefðu aðgang að grenndarstöðvum fyrir sinn heimilisúrgang.

Í Búðardal eru allar fasteignir með ílát og greiða sorphirðugjöld eftir því óháð hvort þar sé föst eða óregluleg búseta. Með því er m.a. ýtt undir að íbúðarhúsnæði í þéttbýlinu sé í sem mestri nýtingu. Í dreifbýli hefur verið miðað við fasteignir þar sem lögheimili er, óháð hvort föst búseta sé á staðnum. Viðmiðin eru ekki bundin við samþykkt sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs.

Eftir næstum fjögurra ára reynslu hafa vaknað spurningar um hvort að einnig ætt að horfa til búsetu í dreifbýli. Þónokkrar fasteignir í dreifbýli eru með lögheimili en ekki fasta búsetu. Margir þessara staða eru úr alfaraleið og engir ábúendur til að tryggja aðgang að þeim t.d. á veturna. Breytingar á búsetu hafa eins leitt til þess að ónotuð tunnusetting sitja eftir hér og þar annað hvort aflokuð eða á bæjarhlöðum. Verðmæti felast í ónotuðum ílátum hætt við skemmdum. Eins getur hirðing verið óhagstæð kostnaðarlega þú greidd séu gjöld.

Lagt er til að viðmið og krafa um sorpílát verð óbreytt í Búðardal en í dreifbýli verði miðað við fasta búsetu, heilsárs eða meirihluta ársins. Embættismenn sveitarfélagsins meti þetta eftir atvikum og styðjist m.a. við skráð lögheimili. Fasteignaeigendur geti skilað inn ílátum sé búseta sannarlega fallin niður. Breytt gjaldtaka miðist við tímabilið þegar ílát hafa verið afhent eða fjarlægð af staðnum.